

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 5/2001**

**frá 31. janúar 2001**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/1999 frá 30. september 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2000/408/EB frá 23. júní 2000 um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl og önnur atriði til viðbótar birtingu samkvæmt tilskipun ráðsins 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við 38. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/489/EB) í IX. viðauka við samninginn.

„39. **32000 X 0408:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2000/408/EB frá 23. júní 2000 um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl og önnur atriði til viðbótar birtingu samkvæmt tilskipun ráðsins 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtið. EB L 154, 27.6.2000, bls. 36).“

*2. gr.*

Texti tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2000/408/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 32 og EES-viðbættir við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 420.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 154, 27.6.2000, bls. 36.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.